

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
<u>Svið I – Leikskólinn og umhverfi hans¹</u>					
<p>Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, ummönnum og uppeldi barna teljist til stöðugilda leikskólakennara og því þarf áfram að leita leiða til að ráða leikskólakennara til starfa.</p>	<p>Leitað er að lærðum leikskólakennurum, auglýst reglulega. Sviðstjórar hafa skoðað hvort kennarar fáist fluttir milli skóla á svæðinu. Umræður eru í gangi við Háskólasetur Vestfjarða um að fara af stað með fjarnám í leikskólakennarafræðum ef áhugi er fyrir hendi hjá starfsmönnum, einn starfsmaður hefur þegar lýst áhuga á þessu námi. Störf sem verða auglýst næst verða frá 1. ágúst 2021.</p>	<p>Hafið</p>	<p>Þegar staðan verður orðin ásættanleg. Staðan vorið 2020 er þessi. Deildarstjóri með þroskaþjálfamenntun fékkst til starfa í desember 2019. Eftir sumarfrí 1. ágúst 2020 verður samsetning starfsmanna þessi: Deildarstjóri=þroskaþjálfari, 1 starfsmaður með leyfisbréf, 1 starfsmaður með B.ed í leikskólakennarafræðum (kemur úr fæðingarorlofi 15. nóv) einn starfsmaður með Bachelor í menntun og líkamsrækt, master í félagsvísindum og stjórnun íþróttaeininga og master í sjálfbærri ferðaþjónustu og byggðaþróun og doctor í félagsfræði</p>	<p>Sviðstjóri skóla og tómstundasviðs/ skólastjóri</p>	<p>Sjálfsmatsskýrsla vor 2020. Gæðagreininir Forysta og starfsmannastjórnun haust 2023.</p>

¹ Bætið við línun eftir þörfum.

			<p>íþróttu. Tveir starfsmenn með stúdentspróf.</p> <p>Breyting frá því þetta síðasta var skrifað er að einn starfsmaður m. stúdentspróf er farinn í fæðingarorlof og annar ófaglærður ráðinn í staðinn.</p> <p>Breytingar frá og með ágúst 2021. Ráðinn leikskólastjóri við leikskólann- samrekstri hætt til prufu í eitt ár. Nýr leikskólastjóri er menntaður í leikskólakennarafræðum og með leyfisbréf. Ein staða leikskólakennara er enn laus, einn leikskólakennari heldur áfram störfum og tveir starfsmenn.</p>		
<p>Ráða þarf deildarstjóra fyrir leikskólann en jafnframt skoða hvort réttara væri að reka leikskólann sem eina deild með einum deildarstjóra.</p>	<p>Deildarstjóri fékkst til starfa frá 1. apríl 2019. Skipulagið er þannig að einn deildarstjóri er á leikskólanum. Börnin skiptast í þrjú hópa 1-2 ára saman í hóp, 3 ára saman í hóp og 4-5 ára saman í hóp. Mikil samvinna er í hópum 1-2</p>		<p>Í góðu lagi eins og er. Á enþá við.</p>	<p>Sviðstjóri skóla og tómstundasviðs/ skólastjóri</p>	

	ára og 3 ára. Nýr deildarstjóri, menntaður þroskaþjálfari var ráðinn frá 9. desember 2019.				
Nauðsynlegt er að fjölga íslenskumælandi starfsmönnum í leikskólanum. Miðað við núverandi samsetningu starfsmannahópsins er erfitt að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku.	Í hvorum hópi þ.e. yngri (lítill og mið) og eldri (stór) er einn starfsmaður íslenskumælandi og einn sem er að læra íslensku. Elstu börnin sem eru 4 fara þrisvar í viku í tvær kennslustundir í grunnskólanum þar sem unnið er með málproska og læsi. Á þeim tíma skapast svigrúm til að þau börn sem eftir eru á leikskólanum fá meira af tíma íslenskumælandi starfsmanna þar. Auglýst er eftir menntuðum leikskólakennurum frá 1.ágúst ár hvert meðan staðan er þannig að það er ófaglært fólk við störf.	Hafið	Auglýst árlega störf frá 1. ágúst ár hvert. Vegna þess hversu hátt hlutfall erlendra starfsmanna er við skólann fékkst leyfi til að ráða inn einn umsækjanda til viðbótar við þann sem ráðinn var í stöðu deildarstjóra og hóf hann störf um áramótin 2019-20. Heildarfjöldi starfsmanna eru því 6. Í nóvember 2020 þegar mannabreytingum verður lokið verða þrír starfsmenn með íslensku að móðurmáli, einn starfsmaður sem er með nokkuð góða íslenskukunnáttu og tveir sem eru allir af vilja gerðir til að bæta íslenskukunnáttu sína. Þetta fór öðruvísi en áætlað var, starfsmaður með B.ed í	Sviðstjóri skóla og tólmstundasviðs/ skólastjóri	Sjálfsmatsskýrsla 2019-2020. Starfsmannsamtöl .

			<p>leikskólakennarafræðum og íslensku að móðurmáli hætti við að koma til starfa, nemendum fækkaði og því var staðan ekki auglýst. Núverandi starfshópur samanstendur því af einum starfsmanni með íslensku að móðurmáli og deildarstjóra, tveimur með leyfisbréf kennara og tveimur sem hafa verið búsettir lengi á Íslandi og því með nokkuð góða íslenskukunnáttu og tveimur sem hafa aðeins verið í fá ár og eru að læra málið. Dagskipulagið er þannig uppbyggt að allir starfsmenn komi að kennslu allra barna. Með hverjum hópi starfa að minnsta kosti einn starfsmaður sem hefur íslensku að móðurmáli. Deildarstjóri tekur alla nemendur í einstaklingstíma í málörvun t.d. með</p>		
--	--	--	--	--	--

			<p>Leikum og lærum með hljóðin.</p> <p>Hópatímar eru tvisvar á dag sá fyrri stuttur en seinni tæp klst. Fara hópar þá á milli starfsmanna, þ.e. eru hjá einum á mánd. og öðrum á þriðjud. o.sfrv. Horft er til styrkleika starfsmanns þegar þema hópastarfs sem hann stjórnar er ákveðið.</p> <p>Elsti hópurinn fær einnig kennslu frá íslenskum kennara í grunnskólanum.</p> <p>Samstarf leik og grunnskóla heldur áfram.</p>		
<p>Mikilvægt er að nýta hverja þá aðstoð sem hægt er að fá í samfélaginu til að bæta íslenskt málumhverfi í leikskólanum.</p>	<p>Elstu börnin sem eru 4 fara þrisvar í viku í tvær kennslustundir í grunnskólanum, sjá nánar í svari hér að ofan.</p> <p>Tónlistarkennari vinnur með leikskólabörnum einu sinni í viku að verkefni sem snýst um málörvun gegnum tónlist.</p> <p>Þetta á ekki við þetta skólaárið þar sem breytingar</p>	<p>Verkefni með skólahóp hófst í ágúst, einnig tónlist,</p>	<p>Árleg endurskoðun.</p> <p>Starfsmönnum var fjölgað tímabundið í vor þar sem tækifæri gafst til þess að fá tvo íslenskumælandi starfsmenn inn í stað eins sem hætti í maí.</p>	<p>Skólastjóri/deildarstjóri/kennarar</p>	<p>Sjálfsmatsskýrsla, Starfsmannasamtöl febrúar 2020. Gæðagreinir Breytingastjórnun haust 2020.</p>

	<p>urðu í tónlistarskólanum en verið er að athuga með reglulegar heimsóknir tónlistarkennara í leikskólann. Horfið var frá þeirri hugmynd að fá íslenskukennara til að kenna samhliða starfinu. Áform eru um að starfsmenn íslenskir og erlendir hittist reglulega næsta haust utan vinnutíma og spili og spjalli og þjálfu þannig íslenskukunnáttu þeirra sem þurfa þess með. Hlutfall íslenskumælandi starfsmanna eykst og gefur meira tækifæri til óbeinnar íslenskukennslu í gegnum starfið.</p>				
<p>Endurskoða þarf starfsáætlun fyrir 2018-2019. Leikskólinn þarf að setja sér ákveðna stefnu, markmið og einkunnarorð með aðkomu allra aðila leikskólasamfélagsins og gera sýnilegt á heimasíðu leikskólans.</p>	<p>Starfsáætlunin hefur verið endurskoðuð og birt á heimasíðu leik og grunnskóla. Þar koma fram áherslur starfsársins 2019-2020. Einkunnarorðin verða fundin í samráði við starfsmenn, foreldra og nemendur og rædd á foreldrafundi sem er framundan. Einkunnarorð hafa verið ákveðin og gerð sýnileg í starfinu. Stefnan er á að verða heilsueflandi</p>	<p>Starfsáætlun-lokið. Foreldrafundur í nóv.</p>	<p>Endurskoðuð árlega. Nýrri áætlun skilað næst 15. september 2020. Skil á áætlun drógust fram undir áramót 2020.</p>	<p>Skólastjóri / deildarstjóri</p>	<p>Árleg endurskoðun starfsáætlunar.</p>

	<p>leikskóli og fórum við í heimsókn á Heilsuleiskólann Laufás á starfsdegi sem var í janúar. Frekari áætlanir voru umheimsókn á leikskólann Sólborg sem vinnur samkvæmt stefnu landlæknis um heilsueflandi skóla og að taka ákvörðun í framhaldinu um val á stefnu frestuðust vegna samkomutakmarkana sem settar voru á vegna covid-19. Þráðurinn verður tekinn upp að nýju eftir sumarlokun í ágúst 2020. Með nýju dagskipulagi hefur áhersla á hreyfingu og sköpun verið aukin með fyrirmynd frá heilsustefnunni.</p> <p>Enn er stefnan á heilsueflandi skóla í gangi. Hugað að mataræði og hreyfingu og sköpun.</p>				
Framkvæma ætti tillögur um úrbætur sem fram koma í Lokaskýrslu	Flestar tillagnanna er þegar komnar í framkvæmd eða í umræðu.	Hafið		Sviðstjóri skóla og tómstundasviðs/ skólastjóri	Sjálfsmatsskýrsla 2019-2020 Gæðagreinar forysta og stjórnun haust 2020
•					

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
<u>Svið II – Stjórnun</u>					
<p>Auka þarf og skipuleggja betur stuðning og ráðgjöf við leikskólastjóra.</p>	<p>Skólastjóri fær stuðning frá sviðsstjóra og skóla og sérkennslufulltrúa auk mánaðarlegra funda með öðrum skólastjórum á svæðinu undir stjórn áðurnefndra. Frá því ytra mat var gert hefur margt breyst. Leikskólastjóri var þá aðeins búinn að starfa í hálf tveggja skóla, leik og grunnskóla. Deildarstjóri og leikskólastjóri vinna vel saman. Starfsmannafundir eru nú í hverjum mánuði og er starfið allt að komast á betra skrið. Aðgengi að fræðslustjóra og sérkennslustjóra er gott og mánaðarlegir fundir með þeim og öðrum skólastjórum Ísafjarðarbæjar gagnlegir. Það hefur þó vantað upp á að sérkennslustjóri hafi haft tök á að koma yfir til okkar til handleiðslu. Að hluta til stafaði þetta af covid-19 og illviðrum. Við náðum samt góðum fundi og kláruðum þær skimanir sem útaf stóðu núna á lokadögum fyrir sumarlokun 2020.</p> <p>Mikið hefur skort á aðgengi að sérkennslustjóra og sviðsstjóra skólasviðs þetta skólaár. Covid á þar sinn þátt en einnig starfslok sviðsstjóra</p>	Hafið	Stöðugt áframhald.	Sviðsstjóri skóla og tómstundasviðs, skóla og sérkennslufulltrúi,	Starfsmannasamtal 2020. Gæðagreinir Forysta og starfsmannastjórnun haust 2023.

	<p>snemma árs 2021. Skólastjóri var einnig mikið fjarverandi af leikskólanum vegna samgöngutakmarkana og þess að ekki var æskilegt að starfsmenn færu á milli starfsstöðva.</p> <p>Sviðsstjóri og sérkennslustjóri brugðust þó skjótt við þegar skólastjóri kallaði eftir aðstoð vegna gríðarlegs áfalls um miðjan janúar. Fékkst öll sú hjálp sem beðið var um, þjónusta sálfræðings fyrir starfsmannahópinn og reyndur leikskólakennari til að starfa með hópnunum í u.þ.b. tvær vikur.</p> <p>Nýr skólastjóri tekur við á leikskólanum í byrjun ágúst. Fráfarandi skólastjóri sem verður áfram skólastjóri grunnskólans mun vera með honum fyrstu dagana til að koma inn í nýtt starf.</p>				
<p>Vinna þarf nýja skólanámskrá í samræmi við áherslur aðalnámskrár leikskóla og skólastefnu Ísafjarðarbæjar. Starfsmenn, foreldrar og börn þurfa að taka þátt í þessari vinnu og skólanámskrá skal síðan vera sýnileg á heimasíðu leikskólans.</p>	<p>Skólanámskráin kláraðist nú á vordögum og hefur verið birt á heimasíðu leik og grunnskólans. Þegar stefna í heilsuefingu verður komin í gang verður gerð betur grein fyrir henni í námskránni.</p> <p>Dagskipulag hefur verið endurskoðað. M.a. sett inn meiri hreyfing og útivera og málörvun. Nemendur skiptast í fimm hópa og eru hópatímar á</p>	<p>Hafið</p>	<p>Árleg endurskoðun.</p>	<p>Skólastjóri/deildarstjóri</p>	<p>Sjálfsmatsskýrsla 2019-2020. Gæðagreinir Þátttaka fjölskyldna í skólastarfi haust 2020. Gæðagreinir Skólanámskrá vor 2021.</p>

	<p>morgnana tengdir málörvun. Eftir hádegi er hópatími í u.þ.b. klukkutíma þar sem hver kennari hefur sitt sérsvið; hreyfing, fínhreyfingar og eldhússtörf, sköpun og útinám. Hóparnir hafa lita nöfn og hver kennari hefur hvern hóp ákveðinn vikudag. Álmur hússins hafa fengið ný nöfn, Oddi og Eyri í stað þess að vera kölluð litla og stóra deild áður.</p> <p>Verið er að finna leiðir til að fá nemendur til að leggja mat á skólastarfið og var unnið verkefni því tengt á degi leikskólans þetta árið.</p>				
<p>Endurskoða leikskólahluta starfsáætlunar með starfsmönnum, foreldrum og börnum og starfsáætlun á að vera sýnilega á heimasíðu leikskólans og virk í starfi leikskólans.</p>	<p>Deildarstjóri kom að núverandi endurskoðun á leikskólahluta starfsáætlunar. Skólaráð sem skipað er fulltrúum m.a. frá foreldrum og starfsmönnum leikskóla kom einnig að vinnunni. Næst verður hugað að því hvernig nemendur leikskóla geta komið að vinnunni. Verið er að finna leiðir til að fá nemendur til að leggja mat á skólastarfið og var unnið verkefni því tengt á degi leikskólans þetta árið.</p> <p>Það má halda áfram að finna fleiri leiðir til að nemendur geti metið skólastarfið. Það sem nefnt er hér á undan tókst vel.</p>	Hafið	Árleg endurskoðun	Skólastjóri/deildarstjóri/skólaráð (foreldraráð)	Sjálfsmatsskýrsla 2019-2020. Gæðagreinir Breytingastjórnun haust 2020.

<p>Skoða mætti hvort hægt væri að fjölga fólki til afleysinga í leikskólanum og auka samvinnu starfsmanna í leikskóla og grunnskóla.</p>	<p>Ráðinn hefur verið inn starfsmaður í afleysingar á leikskólanum. Grunnskólakennari kennir skólahóp 6 kennslustundir á viku. Ákveðið hefur verið að skólahópur fari með sama hætti í grunnskóla og síðasta ár. Skólahópur kemur í grunnskólann tvo daga í viku- samtals 4 kennslustundir auk frímínútna og nestistíma með grunnskólanemum. Dægradvöl kemur í leikskólann alla daga ásamt starfsmanni. Starfsmaður er auk þess í afleysingum. Samstarf leik og grunnskóla verður áfram. Einnig verður áfram ráðinn starfsmaður í afleysingar.</p>	<p>Hafið</p>	<p>Árleg endurskoðun á ráðningum að vori vegna 1. ágúst ráðnigna.</p>	<p>Skólastjóri.</p>	<p>Gæðagreinir samvinna haust 2019.</p>
<p>Gera þarf leiðbeinandi starfsmannahandbók í samræmi við starfsmannastefnu Ísafjarðarbæjar og gera hana aðgengilega fyrir starfsmenn.</p>	<p>Vinna við starfsmannahandbók er langt komin. Var unnið í í vor en á eftir að ljúka endanlega við og birta. Ekki endanlega tilbúin. Þarf að klára.</p>	<p>Hafið</p>	<p>Des 2019 Vor 2020</p>	<p>Deildarstjóri / skólastjóri</p>	<p>Sjálfsmatsskýrsla 2019-2020. Gæðagreinir forysta og starfsmannastjórnun haust 2023.</p>
<p>Greina þarf óskir starfsmanna um fræðslu sem hentar þeim og leikskólustarfinu og leita leiða til að auðvelda þeim að sækja símenntun.</p>	<p>Ráðin var inn starfsmaður til afleysinga í leik og grunnskóla skólaárið 2019-20 sem gerir starfsmönnum auðveldara að sækja símenntun. Símenntunaráætlun Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða sem unnin var út frá viðtölum við starfsmenn hefur verið kynnt forstöðumönnum sem síðan kynna</p>	<p>Hafið</p>	<p>Árleg endurskoðun.</p>	<p>Skólastjóri/</p>	<p>Starfsmannasamtöl í febrúar 2020. Starfsmannafundur des 2019. Gæðagreinir forysta og í skólustarfi haust 2022. Gæðagreinir Forysta og</p>

	<p>hana starfsfólki. Leyfi fékkst til að ráða auka starfsmann í leikskólann frá áramótum þar sem skortur var á starfsfólki með íslensku að móðurmáli. Áfram verða 6 starfsmenn við leikskólann eftir ráðningar í ágúst 2020 og er þar inni hlutfall afleysingar. Með þessu ætti að vera svigrúm fyrir starfsmenn að komast á námskeið.</p> <p>Nú eru starfsmennirnir aðeins 5 þar sem barnafjöldinn (barngildin) gerir ekki ráð fyrir fleiri starfsmönnum. Ef einhver vantar er frekar erfitt að láta hlutina ganga upp þar sem vinnustytting hefur komið inn auk lengri undirbúningstíma samkvæmt nýjustu samningum leikskólakennara. Svigrúm til námskeiðsferða er því ekki alveg nægjanlegt nema öruggt sé að afleysingin geti komið inn.</p> <p>Vorum með fasta afleysingu í vor svo þetta gekk vel þegar þurfti. Þannig þarf þetta að vera áfram.</p>				<p>starfsmannastjórnun haust 2023.</p>
<p>Æskilegt er að leikskólastjóri fylgist með námi og starfi á deildum í því skyni að veita starfsmönnum leiðsögn og endurgjöf.</p>	<p>Leikskólastjóri hefur viðveru einu sinni í viku á leikskólanum og fylgist þá með starfinu inni á deildum. Einnig tekur leikskólastjóri viðtöl við kennara eftir óskum og þegar þörf er á. Var komið þokkalega í gang. Covid-19 setti strik í reikninginn en frá 23. mars – 4. maí var</p>	<p>Hafið</p>	<p>Stöðugt</p>	<p>Skólastjóri</p>	<p>Starfsmannasamtöl. Sjálfsmatskýrsla. Gæðagreinar samstarf haust 2019, Forysta í skólastarfi haust 2022</p>

	<p>ákveðið að skólustjóri færi ekki á milli starfsstöðva og var því bara í síma og tölvusambandi við leikskólann. Fer aftur í gang í ágúst þegar starf kemst í fastar skorður eftir sumarlokun. Mun leikskólustjór þá fara inn í hópatíma og fylgist með og gefa leiðsögn og endurgjöf. Leikskólustjóri og deildarstjóri funda í hverri viku. Covid hefur áfram sett strik í reikninginn þar til á allra síðustu vikum en nú kemur leikskólustjóri á leikskólann á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl 10-12 auk þess að koma þangað eftir þörfum.</p> <p>Gekk betur í vor þegar létt var á covid reglum.</p>				
<p>Tryggja þarf að starfsþróunarsamtöl séu tekin árlega og unnið markvisst með niðurstöður þeirra.</p>	<p>Starfsmannasamtöl voru tekin í vor 2019 og í febrúar 2020 og verða tekin næst í febrúar 2021.</p> <p>Samtölin hafa frestast en eru nú á dagskrá í dymbilvikunni.</p> <p>Tókst að taka öll viðtöl í vor og skoða niðurstöður.</p>	Hafið	Endurtekið árlega.	Skólustjóri	Niðurstöður starfsmannasamtala. Sjálfsmatskýrsla. Gæðagreinar samstarf haust 2019, Forysta í skólustarfi haust 2022.
<p>Kynna þarf betur áætlanir um viðbrögð við áföllum og forvarnarstefnu Ísafjarðarbæjar fyrir starfsmönnum og gera aðgengilegar í leikskólanum.</p>	<p>Báðar þessar stefnur eru í starfsáætlun sem nú er aðgengileg á heimasíðu skólanna. Verður einnig prentað út í leikskóla og haft aðgengilegt ásamt öðru sem gagnast starfsmönnum að kynna sér.</p>	Hafið	Vor 2020	Skólustjóri	Sjálfsmatskýrsla 2019-2020. Gæðagreinir Forysta og starfsmannastjórnun haust 2023.

•					
---	--	--	--	--	--

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið III – Uppeldis og menntastarf					
Æskilegt er að endurskoða og endurnýja leikefni og efnivið og gera aðgengilegri fyrir börnin.	Verið er að panta það sem hægt er samkvæmt fjárhagsáætlun þessa árs og það sem uppá vantar verður sett á næsta ár. Heilmikið hefur nú verið endurnýjað vorið 2020. Nýttum m.a. veglegan styrk frá Kiwanis í klirfudót, skynjunardót, forritun og bókakaup. Nýtt dót er að nýttast vel. Enn er til smá af áætlun þessa árs til að bæta við útileikföng í haust.	Hafið	Vor 2020 Árleg endurskoðun	Skólastjóri/ deildarstjóri	Vor 2020.
Æskilegt er að yfirfara bókakost leikskólans og skoða möguleika á samskiptum við Bókasafn Ísafjarðar.	Keyptar hafa verið nýjar bækur og bókahillur sem gera bækurnar sýnilegri og aðgengilegri fyrir börnin. Einnig verður möguleikinn á að sækja bækur á bókasafn nýttur í framhaldinu. Mikil viðbót við bókakaup vorið 2020. Fengum einnig veglega bókagjöf frá Kiwanis. Tekið til í bókasafni og því sem var úrelt og ónýtt hent. Árlega sett í fjárhagsáætlun svo hægt sé að bæta við kostinn.	Hafið	Endurtekið	Skólastjóri/deildarstjór	Vor 2020.
Uppfæra og samræma þarf dagskipulag í	Dagskipulag hefur verið yfirfarið og er nú sýnilegt foreldrum í	Hafið		Deildarstjóri / skólastjóri	Sjálfsmatsskýrsla. Starfsmannafundur.

leikskólanum og gera aðgengilegt fyrir foreldra.	anddyri leikskólans og hefur verið sent foreldrum. Karellen hefur verið tekin í notkun og hefur upplýsingaflæði til foreldra aukist til muna. Skipulag mánaðarins sent heim og vikulegir póstar einnig.				Gæðagreinir Nám, kennsla og námsmat vor 2023.
Bæta þarf vinnu með læsi og stærðfræði á eldri deild og skoða hvernig unnið er með ljóð, sögur og þulur.	Frá maí 2019 hefur verið starfandi menntaður leikskólakennari með hópnum. Unnið er með læsi og stærðfræði á markvissan og sýnilegan hátt. Elstu börnin fara einnig þrjá daga í viku í tvær kennslustundir í grunnskólanum þar sem unnið er með málörvun og læsi. Tónlistakennari vinnur einu sinni í viku með leikskólabörnum sem koma í grunnskólann. Hópastarf komið vel í gang. Er ennþá í góðu lagi. Í skoðun að fá tónlistarkennar aftur inn. Tónlistarkennari kom inn nokkur skipti í vor og gekk það vel. Skoðað verður í ágúst hvernig þetta verður framkvæmt næsta skólaár.	Hafið		Skólastjóri/ deildarstjóri/kennarar	Sjálfsmatsskýrsla. Starfsmannafundur. Gæðagreinir Nám, kennsla og námsmat vor 2023.
Leggja þarf áherslu á aðkomu barna að	Börnin velja sér leikföng til að leika með í frjálsum leik. Valtímar þar sem val er með	Hafið		Deildarstjóri, kennarar, skólastjóri	Gæðagreinir Sköpun og leikni vor 2020.

ákvarðanatökum og vali á verkefnum.	ákveðnu kerfi, myndir af því sem er valið og svo ákveðið langur tími sem á að vera í því sem valið er.				
Auka þarf áherslu á sjálfshjálp barnanna í matartímum.	Þetta er komið í gang að hluta og verður aukið. Þriggja ára nemendur sjá nú sjálfir um að þvo sér um andlit eftir máltíðir og þurrka einnig af smekknunum sínum. Elstu börnin eru sjálfbjarga í hádegis matartímum. Þau hella sjálf í glas og skammta sér á disk. Í stað þess að borða bara með gaffli hafa börnin nú einnig hníf og æfa sig í að skera sjálf í bita. Það vantar á sjálfshjálpinu í morgunverðartímum og kaffitímum en það má bæta með því að kaupa hentugri ílát undir morgunverðinn og hafa nægilega marga smjörhnífa svo margir geti smurt í einu. Var komið í lag en covid hefur sett strik í reikninginn þar sem snerting margra er sumstaðar ekki æskileg. Þarf að færa aftur í fyrra horf sem var orðið mjög gott.	Hafið	Des 2019	Deildarstjóri/ kennarar/ skólastjóri	Sjálfsmatsskýrsla. Eftirlit og endurgjöf skólastjóra.

Leggja aukna áherslu á vettvangsferðir og útinám.	Bók um útinám er notuð. Kennarar hafa rætt saman um hvernig megi sem best koma útinámi við og var niðurstaðan að skipta börnunum í hópatímum og einn starfsmaður sæi um markvisst útinám þannig að hver hópur fer með henni einu sinni í viku. Tveir hópatímar hafa að miklu leyti farið fram utandyra, útivist og vísindi.	Hafið		Deildarstjóri/ kennarar/ skólastjóri	Starfsmannafundur. Endurgjöf skólastjóra. Gæðagreinir Sköpun og leikni vor 2020.
Leggja aukna áherslu á þátttöku og ábyrgð barna í flokkun.	Í athugun er að kaupa ílát til að flokka í inni á deild og kenna börnunum að nota þá. Efniviður sem til fellur á leikskólanum er endurnýttur í verkefnum nemenda, t.d. mjólkurfurnur, pakkar undan mat o.fl. Það er samt ekki miki sem fellur til af þess háttar inni á deildunum svo þessu til viðbótar gæti verið gott að kenna í gegnum umræður og leik. Athuga með þátttöku í grænfánaverkefni.	Des 2019	Flokkun inni á deildum og grænfánaverkefni hefur enn ekki komist í framkvæmd vor 2020. Flokkun að hluta komin í gang núna en grænfánaverkefnið bíður. Skoðum hvort við ættum að fara inn í Grænfánaverkefnið í ágúst. Flokkun hefur aukist.	Deildarstjóri/ skólastjóri/ kennarar	Sjálfsmatsskýrsla. Gæðagreinir Sköpun og leikni vor 2020.
Gera einingarkubba og annað leikefni aðgengilegt fyrir börnin.	Einingarkubbar eru orðnir hluti af því sem börnin hafa um að velja í leikstofu í eldri hópi.		Lokið	Deildarstjóri / kennarar/ skólastjóri	Gæðagreinir Sköpun og leikni vor 2020.

	Annað efni hefur einnig verið gert aðgengilegra.				
Leggja aukna áherslu á skapandi starf í leikskólanum, yfirfara efnivið til skapandi starfs og gera aðgengilegan fyrir börnin.	Listastofa sem notuð var fyrir hóp þegar ytra matið var gert hefur nú verið gerð aftur að listastofu. Allir nemendur geta haft aðgang að henni. Í vinnslu er að auka efnivið. Skapandi starf er nú vel sýnilegt í leikskólanum. Í haust einbeitum við okkur að því hvernig við aukum sjálfstæði og sjálfstraust barnanna við sköpun.	Hafið		Deildarstjóri/kennarar/skólstjóri	Starfsmannafundur, endurgjöf skólustjóra. Sjálfsmat. Gæðagreinar Sköpun og leikni, vor 2020.
Æskilegt að auka búnað til vísindastarfs í tengslum við rannsóknir, ræktun og útinám.	Þessi þáttur er í vinnslu. Leikskólinn hefur fengið eina smásjá. Það þarf að finna leið til að rækta á leikskólalóðinni eða samnýta stóra gróðurkassa sem eru á grunnskólalóð. Eldri hópur fór haustið 2019 og fékk að taka upp kartöflur og radísur á grunnskólalóð. Útinám hefur aukist með tilkomu breytingar á hópatímum. Fengum tvo bala til að rækta í á skólalóðinni og voru þar settar niður kartöflur og ýmis fræ. Einnig var ræktað inni.	Hafið	Haust 2020	Skólustjór/ deildarstjóri	Gæðagreinar sköpun og leikni vor 2020.
Meta hvernig unnið er með tónlist í	Kennarar vinna með tónlist í hópatímum og samverustundum. Eitthvað er til	Hafið		Skólustjóri/ deildarstjóri/ kennarar	Endurgjöf leikskólustjóra. Gæðagreinar

leikskólanum og auka ef með þarf.	af hljóðfærum en einnig er unnið með söngva í myndböndum og hljóðdiskum. Tónlistarkennari vinnur með elstu nemendum einu sinni í viku. Tónlistarkennari hefur ekki unnið markvisst með nemendum leikskóla þetta skólaár en í skoðun að koma því samstarfi á aftur. Tónlistarkennari kom inn á vorönn.				Sköpun og leikni vor 2020.
Leita þarf leiða til að meta nám og framfarir barna með aðkomu starfsmanna og foreldra.	Skimunaráætlun er til staðar. Orðaskil við 1,5 ára, EFI-2 3-4 ára, Hreyfiþroskapróf 4 ára, Hljóm 2, 5 ára, Tove krog 5 ára, Mio stærðfræðiskimun 2,3 og 4 ára. Skóla og sérkennslufulltrúi aðstoðar við skimanirnar. Covid og fleira hefur haft áhrif á aðgengi að aðstoð sérkennslufulltrúa.	Hafið	Endurtekið	Skólastjóri, deildarstjóri, skóla og sérkennslufulltrúi.	Sjálfsmatsskýrsla. Gæðagreinar Nám, kennsla og námsmat vor 2023. Gæðagreininir Þroski og framfarir leikskólabarna haust 2022.

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið IV – Foreldrasamvinna og ytri tengsl					
Kjósa skal foreldraráð við leikskólann í samræmi við Lög um leikskóla 90/2008, 11 grein.	Ákveðið var á skólaráðsfundi í september að prófa í eitt ár að hafa sameiginlegt skólaráð fyrir leik og grunnskóla ef það fengist samþykkt af fræðslunefnd. Tillagan var samþykkt og verður fyrsti fundur í sameiginlegu skólaráði í nóvember. Skólaráð starfar enn sameiginlega. Fundir hafa ekki verið haldnir þetta skólaár vegna takmarkana covid en eru á dagskrá í apríl og endaðan maí. Sameiginlegt skólaráð kom ekki saman þetta skólaárið en hafði samskipti í gegnum tölvu.	Hafið	Endurskoðað vor 2020	Skólastjóri / fræðslunefnd/ sviðsstjóri	Metið á síðasta fundi skólaráðs þetta skólaár, sem haldinn verður í maí.
Auka þarf upplýsingar til foreldra um börnin og daglegt starf í leikskólanum.	Deildarstjóri hefur sent bréf með hagnýtum upplýsingum til foreldra. Foreldrahandbók er í vinnslu. Upplýsingum hefur verið komið á töflu í anddyri. Meiri upplýsingar eru komnar inn á heimasíðu leik og grunnskóla. Karellen er notuð til að gefa upplýsingar um svefn, hversu vel börnin borða og mætingu.	Hafið	Endurtekið	Skólstjóri/ deildarstjóri.	Sjálfsmatsskýrsla. Foreldrakönnun. Gæðagreinir Skólanámskrá vor 2021. Gæðagreinir Samstarf haust 2019.
Bæta þarf upplýsingar á heimasíðu og hafa á fleiri tungumálum en íslensku.	Heimasíðan er orðin virkari en áður. Ennþá eru upplýsingar eingöngu á íslensku.	Hafið	Vor 2020	Skólastjóri / deildarstjóri	Sjálfsmatsskýrsla. Gæðagreinir, verklag sem stuðlar

					að sanngirni, haust 2021.
Gera ætti sýnilegt fyrir starfsmenn og foreldra skipulag um samstarf leikskóla, grunnskóla, dægradvalar og íþróttahúss.	Í skólanámskrá 2019-2020 er sagt frá þessu samstarfi. Það þarf að skoða hvernig best er einnig að koma upplýsingum um samstarfið á einfaldan og sýnilegri hátt til starfsmanna og foreldra.	Hafið	Endurtekið.	Skólastjóri, deildarstjóri.	Árleg endurskoðun skólanámskrár.
•					

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið V – Skóli án aðgreiningar					
Gera ætti ferli vegna gruns um frávik hjá börnum sýnilegt í leikskólanum.	Form sem Ísafjarðarbær á verður notað. Hengt upp í starfsmannaaðstöðu. Verður rætt aftur og útskýrt fyrir starfsmönnum á starfsmannafundi 22. mars n.k. Er sýnilegt á starfsmannaaðstöðu en nauðsynlegt að rifja reglulega upp.	18. nóvember á starfsmannafundi	18. nóvember á starfsmannafundi	Skólstjóri	Ef forminu verður breytt.
Auka ætti vinnu með fjölmenningu í leikskólanum.	Eins og er eru starfsmenn frá Íslandi, Póllandi og Sírlandi. Börn eru frá Íslandi, Póllandi, Sírlandi og Argentínu. Hugmyndir um hvernig við getum unnið betur með fjölmennunguna verða teknar fyrir á starfsmannafundi í desember. Taka umræðuna aftur á starfsmannafundi og gera áætlun. Börn sem eiga uppruna á Íslandi, Póllandi, Argentínu, Frakklandi og Filipseyjum. Starfsmenn eru frá sömu löndum að Argentínu undanskilinni.	Desember 2019.		Skólastjóri/ deildarstjóri	Gæðagreinir þátttaka fjölskyldna í skólastarfi haust 2020. Umræður á starfsmannafundi í desember.
Auka þarf íslenskukennslu fyrir börn með annað móðurmál en íslensku.	Starfsmenn fóru nýlega á námskeið hjá Elínu Þöll í notkun á Milli mála. Elstu börnin í leikskólanum fara í tvær kennslustundir í senn, þrisvar í viku í grunnskólanum, í þeim hópi	Hafið	Stöðugt	Skólastjóri, deildarstjóri, kennarar	Gæðagreinir Einstaklingsmiðun haust 2021.

	<p>eru tveir nemendur með annað móðurmál en ísl. Þar er kennari með þau og er meðal annars unnið með námsefni sem kallast Samræðufélagar. Á þessum tíma skapast einnig svigrúm til einstaklingsmiðaðrar vinnu í leikskólanum þar sem næstelsti hópurinn nýtur þá fámennisins með leikskólakennara en í þeim hópi eru einnig tveir með annað móðurmál.</p> <p>Samvinna leik og grunnskóla enn í gangi og gefur mikla möguleika.</p>				
Hafa ætti upplýsingar frá leikskólanum á fleiri tungumálum en íslensku.	<p>Hugmynd að fá starfsmenn til að aðstoða við að koma helstu upplýsingum yfir á þau tungumál sem þeir tala. Ennþá allt á Íslensku sem fer upp á vegg.</p>	Desember	Vor 2020	Skólastjóri	
•					

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið VI – Innra mat					
Skipa matsteymi leik- og grunnskólans með þátttöku allra deilda og hagsmunaaðila.	Vegna fámennis koma allir starfsmenn jafnt að innra mati. Innra mat hefur nú farið markvisst af stað eftir 5 ára áætlun með gæðagreinum. Gæðagreinar eru þungir í framkvæmd vegna tungumálsins. Unnið var með einn gæðagreini á vordögum en þeir eru tímafrekir vegna tungumáls. Þarf að skoða hvort ekki má finna einfaldara form.	Nóvember 2019	Vor 2024	Skólastjóri, deildarstjóri	Gæðagreinar umbótamiðað sjálfsmat, vor 2024
Gera þarf matsáætlun til nokkurra ára sem endurspeglar að helstu þættir starfsins séu metnir.	Drög að matsáætlun til 5 ára, vegna gæðagreina, eru tilbúin. 5 ára áætlun er tilbúin en erfitt að fylgja vegna þess hversu þungir gæðagreinarnir eru i vinnslu þegar grunnur í tungumálinu er ekki til staðar hjá öllum starfsmönnum.	Nóvember 2019	Vor 2024	Skólastjóri	Gæðagreinar umbótamiðað sjálfsmat, vor 2024
Gera nákvæma matsáætlun fyrir skólaárið sem unnið er markvisst eftir. Fram þarf að koma hvaða þætti eigi að meta, hvernig þeir tengjast markmiðum skólans, hvernig eigi að meta þá	Gróf matsáætlun er tilbúin en á eftir að vinna betur.	Desember 2019	Janúar 2020	Skólastjóri	Gæðagreinar umbótamiðað sjálfsmat, vor 2024

og hvenær, hvaða viðmið liggja til grundvallar og hver beri ábyrgð á matinu.					
Afla fjölbreyttra gagna frá öllum hagsmunahópum og gæta þess að allir hópar hafi aðkomu að skipulagningu matsins og samræðu um þróun og umbætur.	Starfsmannakannanir, foreldrakannanir, umræður meðal nemenda.	Vor 2020	Endurtekið	Skólastjóri, deildarstjóri	Gæðagreinar Skólanámskrá vor 2021. Gæðagreinar Þátttaka fjölskyldna í skólastarfi haust 2020.
Leita eftir sjónarmiðum barna í innra mati.	Finna þarf punkta sem henta til að hafa umræður með eldri börnunum þegar unnið er með gæðagreinina er varða námsskilyrði og velgengni og árangur. Nemendakannanir. Var prófað á degi leikskólans í ár. Gekk vel að vinna í gegnum skapandi verkefni.	Haust 2019	Vor 2024	Skólastjóri/deildarstjóri	Gæðagreinar Umbótamiðað sjálfsmat vor 2024.
Þegar niðurstöður liggja fyrir þarf að skrifa greinargerð um innra mat, þar sem dregnir eru fram helstu styrkleikar og helstu tækifæri til umbóta.	Jafnóðum og gæðagreinar eru unnir eru niðurstöður dregnar saman í umbótaáætlun. Endanleg samantekt á öllum gæðagreinum er síðan birt í umbótaáætlun að vori og í ársskýrslu. Eins og áður hefur komið fram eru gæðagreinarnir þungir í framkvæmd vegna tungumálsins.	Nóvember 2019	Vorið 2020	Skólastjóri / deildarstjóri	Ársskýrsla vorið 2020. Vor 2024 metið með gæðagreinini Umbótamiðað sjálfsmat.
Út frá niðurstöðum innra mats þarf að gera nákvæma umbótaáætlun þar sem meðal annars	Vinna með gæðagreinina til að meta innra starf leikskólans er að fara af stað. Unnið verður með tvo gæðagreina nú í haust og tvo í vor. Gerð verður umbótaáætlun jafnóðum fyrir hvern gæðagreinini og síðan sett sama í heild að vori.	Nóvember 2019	Vor 2020 +	Skólastjóri/deildarstjóri	Vor 2020 skoðað hvernig til tókst. Vor 2024 metið með gæðagreinini Umbótamiðað sjálfsmat.

<p>kemur fram til hvaða aðgerða á að grípa og hvenær, hvernig endurmat eigi að fara fram og hver beri ábyrgð á að hrinda umbótum í framkvæmd.</p>					
<ul style="list-style-type: none"> • 					